



Skipulagsstofnun

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Fjárveitingar og rekstur	5
3.1	Fjárveitingar	5
3.2	Rekstraráætlun.....	5
3.3	Niðurstaða.....	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur	6
4.2	Umfjöllun	6
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Inngangur	7
5.1.1	Ferðakostnaður.....	7
5.1.2	Risna.....	7
5.1.3	Opinber innkaup	7
5.1.4	Innkaupakort.....	7
5.1.5	Láns- og reikningsviðskipti	7
5.1.6	Styrkir.....	7
5.1.7	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur	7
5.2	Niðurstaða.....	7
6	Endurskoðun rekstrarliða	8
6.1	Rekstrartekjur	8
6.2	Gjöld	8
6.2.1	Launagjöld.....	8
6.2.2	Önnur gjöld	8
6.3	Niðurstaða.....	8
7	Endurskoðun efnahagsliða	9
7.1	Eignir	9
7.1.1	Áhöld og búnaður	9
7.1.2	Viðskiptakröfur	9
7.1.3	Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga.....	9
7.1.4	Handbært fé.....	10
7.2	Eigið fé og skuldir	10
7.2.1	Höfuðstóll	10
7.2.2	Ríkissjóður.....	10
7.2.3	Viðskiptaskuldir.....	10
7.2.4	Orlofsskuldbinding.....	10
7.2.5	Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	10
7.3	Niðurstaða.....	10
8	Önnur atriði	11
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	11
8.2	Lögfræðibréf	11
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	11
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	11

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun hjá Skipulagsstofnun fyrir árið 2017.

Endurskoðunin byggir á bókhaldi Skipulagsstofnunar og þeim niðurstöðum sem liggja fyrir við skoðun fyrir árið 2017. Endurskoðunin beindist að þessu sinni að því að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningssskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar fyrirliggjandi upplýsingar.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að vegna tafa við innleiðingu á lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 og þar með gerð stofnefnahagsreikninga, var ekki lokið við gerð ársreiknings fyrir Skipulagsstofnun þegar endurskoðun fór fram. Því tekur endurskoðunin mið af því að ekki er fyrirliggjandi endanlegur ársreikningur. Stjórnendur Skipulagsstofnunar sem eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila stofnunarinnar og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna telja reikningsskilum lokið af sinni hálfu.

Ársreikningur Skipulagsstofnunar var síðast endurskoðaður árið 2013 vegna ársins 2012.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun hjá Skipulagsstofnun fyrir árið 2017 er lokið, með fyrirvara um viðbótarskoðun ef niðurstaða breytist frá fyrirbyggjandi stöðu í bókhaldi stofnunarinnar þegar endurskoðunin fór fram í september 2018.

Eftirfarandi niðurstöðum og ábendingum er komið á framfæri vegna endurskoðunar ársins 2017.

1. Fjárveitingar og rekstur

Tekjuafgangur ársins 2017 nam 3,9 m.kr. sem kemur til lækkunar á halla fyrri ára. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfið. Yfirfara þarf innbyrðis ósamræmi í flokkun rekstrarliða í fjárhagsáætlun og lagfæra.

2. Innra eftirlit og fylgni við lög og reglur

Endurskoðun á virkni innra eftirlits Skipulagsstofnunar er án ábendinga. Ekki verður annað séð en að Skipulagsstofnun fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

3 Fjárveitingar og rekstur

3.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. En fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting ársins 2017 til Skipulagsstofnunar nam 268,6 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2017. Til hækkunar kom breyting vegna launabóta um 0,5 m.kr. og lækkun fjárfestingaframlags um 6,1 m.kr. Endanlegar fjárveitingar til stofnunarinnar urðu því tæplega 263,0 m.kr. á árinu 2017. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017 og rekstri árið 2016:

Í þús. kr.	Fjárveiting 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Rekstrartekjur	-13.100	-37.815	24.715	-29.314
Launagjöld	224.500	227.855	-3.355	216.699
Rekstrargjöld	40.900	65.405	-24.505	65.290
Eignakaup, fyrning	10.679	3.608	7.071	13.139
Samtals	262.979	259.053	3.926	265.814

Fjárveitingar og tekjur umfram gjöld árið 2017 voru 3,9 m.kr. Helstu breytingar á rekstrarliðum frá fyrra ári var hækkun á rekstrartekjum um 8,5 m.kr. og 11,3 m.kr. hækkun rekstrargjalda. Frávik frá fjárveitingum rekstrargjalda og tekna jafnast út en Ríkisendurskoðun bendir á að innbyrðis ósamræmi er á milli þessara liða, sem þarf að lagfæra.

Á árinu voru gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar. Meðtalið í afskriftum ársins eru jafnframt afskriftir nýlegra eigna, sem áður hafa verið gjaldfærðar.

3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega sé fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun Skipulagsstofnunar fyrir árið 2017 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Rekstraráætlun gerði ráð fyrir 18,6 m.kr. tekjuafgangi árið 2017 sem varð 3,9 m.kr.

3.3 Niðurstaða

Tekjuafgangur ársins 2017 nam 3,9 m.kr. sem kemur til lækkunar á halla fyrri ára. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfið. Yfirfara þarf innbyrðis ósamræmi í flokkun rekstrarliða í fjárhagsáætlun og lagfæra.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstjóri Skipulagsstofnunar ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirlit Skipulagsstofnunar voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla og reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Skipurit er til fyrir stofnunina. Skipulagsstofnun er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað við vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu. Viðverukerfið Vinnustund er notað fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna. Eignir eru skráðar í eignaskrákerfi ORRA.

Gæðahandbók er til fyrir stofnunina þar sem ýmsir ferlar innra eftirlits hafa verið skráðir. Áætlun er til staðar um að ljúka skráningu ferla innra eftirlits um bókhald og fjármál í gæðahandbók á þessu ári. Ábyrgð og umsjón með bókhaldi og fjárreiðum er vel skilgreind og afmörkuð.

4.3 Niðurstaða

Endurskoðun á virkni innra eftirlits Skipulagsstofnunar er án ábendinga.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun er skoðað hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við lög og reglur varðandi fjárreiður og bókhald. Um fjárveitingar og rekstraráætlun er fjallað í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru auk þess teknir til skoðunar vegna ársins 2017:

5.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugun á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera og er í samræmi við uppgjórið.

5.1.2 Risna

Risnureikningar voru skoðaðir. Formleg risnuheimild og tilefni var ekki til staðar í öllum tilvikum en stofnunin hefur gert ráðstafanir til úrbóta.

5.1.3 Opinber innkaup

Stofnunin hefur ekki formlega innkaupastefnu en leitast er við að stunda vistvæn innkaup. Þegar um er að ræða dýrari innkaup er leitað tilboða í samræmi við rammasamning við Ríkiskaup.

5.1.4 Innkaupakort

Stofnunin nýtir innkaupakort m.a. til greiðslu flugfargjalda og við kaup á ýmsum rekstrarvörum.

5.1.5 Láns- og reikningsviðskipti

Stofnunin er ekki með samninga um kaupleigu eða fjármögnunarleigu eða skuldbindingar til lengri tíma en 90 daga.

5.1.6 Styrkir

Stofnunin annast umsýslu Rannsóknar- og þróunarsjóðs Skipulagsstofnunar sem úthlutar árlega styrkjum til rannsóknar- og þróunarverkefna með samkeppnisfyrirkomulagi á grundvelli innsendra umsókna. Aðrar styrkveitingar eru óverulegar.

5.1.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færir til eignar á viðskiptareikningi stofnunarinnar við ríkissjóð.

5.2 Niðurstaða

Ekki verður annað séð en að Skipulagsstofnun fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

6 Endurskoðun rekstrarliða

Niðurstaða rekstrar fyrir árið 2017 miðast við stöðu í september 2018 með fyrirvara um breytingar við lokafrágang uppgjörs hjá Fjársýslu ríkisins.

6.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Skipulagsstofnunar voru skoðaðar með greiningum og úrtaksskoðunum, farið var yfir forsendur reikninga og fylgiskjöl skoðuð. Rekstrartekjur eru m.a. fyrir vinnu stofnunarinnar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, námskeiðagjöld og kostnaðarframlag úr Skipulagssjóði vegna landsskipulagstefnu og rannsóknar- og þróunarverkefna á sviði skipulagsmála.

6.2 Gjöld

6.2.1 Launagjöld

Launagjöld voru endurskoðuð með fyrirspurnum, greiningum og úrtaki ráðningarsamninga. Hækkun á milli ára er um 4,4% og skýrist af samningsbundnum launahækkunum.

6.2.2 Önnur gjöld

Önnur rekstrargjöld voru skoðuð með fyrirspurnum, greiningum og úrtaksskoðunum. Farið var yfir kostnað stofnunarinnar og fylgiskjöl skoðuð. Skoðað var hvort færslur væru færðar á rétta tegundalykla og hvort útgjöld samræmdust starfseminni. Reikningar eru samþykktir af forstjóra eða staðgengli forstjóra í fjarveru hans. Samþykki reikninga er með áritun á fylgiskjöl eða rafrænt.

6.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemdir við rekstrarliði.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt stöðu bókhalds á árslok 2017, þegar endurskoðun fór fram í september 2018, námu eignir 54,9 m.kr., skuldir námu 70,1 m.kr. og höfuðstóll var neikvæður um 15,1 m.kr.

Í þús.kr.	31.12.2017	1.1.2017	Breyting
Eignir:			
Áhöld og búnaður	20.916	14.446	6.470
Viðskiptakröfur	12.219	18.968	-6.749
Fyrirframgreiddur kostnaður	62	2.130	-2.068
Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga	21.169	21.169	0
Handbært fé	605	6.551	-5.946
Eignir alls	54.971	63.265	-8.294
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	-15.115	-19.041	3.926
Ríkissjóður	23.274	38.095	-14.821
Viðskiptaskuldir	2.978	8.596	-5.618
Orlofsskuldbinding	22.918	21.169	1.749
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	20.916	14.446	6.470
Eigið fé og skuldir alls	54.971	63.265	-8.294

7.1 Eignir

7.1.1 Áhöld og búnaður

Eignfærsla varanlegra fastfjármuna er gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga nr. 123/2015 um opinber fjármál (LOF). Yfirlit yfir áhöld og annan búnað var unnið af Fjársýslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins. Elstu skráðar eignir eru frá árinu 2007 fyrir utan listaverk og afskriftarhlutfall er 10-33%. Ríkisendurskoðun hefur ekki staðfest tilvist eigna samkvæmt yfirlitinu en forstöðumaður Skipulagsstofnunnar samþykkti yfirlitið með áritun á stofnefnahagsreikning pr. 1. janúar 2017.

7.1.2 Viðskiptakröfur

Staða viðskiptakrafna í árslok nam 12,2 m.kr. Þar af voru 10,8 m.kr. skráðar í viðskiptakröfuhluta fjárhagskerfisins en kerfishlutinn var tekinn í notkun árið 2014. Gert hefur verið átak í innheimtu krafna og þegar endurskoðun fór fram var búið að greiða 9,5 m.kr. af þessum kröfum eða um 88%. Um helmingur þeirra krafna sem þá var eftir voru frá árinu 2016 og eldra. Þá eru ógreiddar kröfur úr eldra reikningakerfi 1,4 m.kr. Ríkisendurskoðun bendir á að yfirfara þarf eldri kröfur og gera viðeigandi ráðstafanir.

7.1.3 Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga

Eignfærsla hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindinga í stofnefnahagsreikningi þann 1. janúar 2017 er gerð samkvæmt fyrir mælum Fjársýslu ríkisins. Ríkisendurskoðun bendir á að á þessu stigi er

ekki ljóst hvernig staðið verður að fjárheimild til Skipulagsstofnunar til greiðslu á þessari kröfu og því verður að hafa fyrirvara varðandi eignfærslu.

7.1.4 Handbært fé

Handbært fé felst í innistæðu á bankareikningi og nam 0,6 m.kr. í árslok 2017. Bókhaldi bar saman við staðfest bankayfirlit í árslok 2017.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Miðað við stöðu bókhalds í september 2018 fyrir árið 2017 var neikvætt eigið fé 15,1 m.kr. Staðan hefur batnað frá fyrra ári um 3,9 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2017.

7.2.2 Ríkissjóður

Skuld við ríkissjóð nam 23,3 m.kr., þegar undan er skilin bókfærð inneign hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindingar. Staðan batnaði um 14,8 m.kr. frá fyrra ári.

7.2.3 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir námu 3,0 m.kr. í árslok 2017 og lækkuðu um 5,6 m.kr. frá fyrra ári. Við endurskoðun voru greiðslur árið 2018 til greiðslu skammtímaskulda yfirfarnar án athugasemda.

7.2.4 Orlofsskuldbinding

Frá og með árinu 2017 er orlofsskuldbinding gjaldfærð í rekstrarreikningum stofnana í A-hluta til samræmis við lög um opinber fjármál. Á móti kemur skuldfærsla í efnahagsreikningi. Staðan var 22,9 m.kr. í árslok 2017. Orlofsskuldbinding er yfirfarin hjá Fjársýslu ríkisins.

7.2.5 Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda

Fyrirframgreiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárfestingaheimilda er einnig nýr skuldaliður í framhaldi af þeirri breytingu, samkvæmt lögum um opinber fjármál, að gjaldfæra eigi einungis afskriftir af búnaði. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum, svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölvum og stærri eignum, svo sem bifreiðum og fasteignum gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári. Frá og með árinu 2018 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlegar afskriftir af eignunum. Fjárveitingar til kaupanna eru því færðar skuldamegin í efnahagsreikningi að frádregnum þeim fjárveitingum sem eru færðar í rekstrarreikningi á móti afskriftum.

7.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á að halda þarf áfram að yfirfara þarf viðskiptakröfur og gera viðeigandi ráðstafanir. Skoða þarf í samráði við Fjársýslu ríkisins hvort ástæða sé til varúðarniðurfærslu á kröfum.

8 Önnur atriði

8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda var samþykkt og undirritað af forstjóra Skipulagsstofnunar.

8.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi stofnunarinnar árið 2017 og samkvæmt upplýsingum forstöðumanns, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Skipulagsstofnun.

8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Skipulagsstofnun var undirrituð af ríkisendurskoðanda og forstjóra stofnunarinnar dags. 24. maí 2018.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Skipulagsstofnunar.



Ríkisendurskoðun
Bréttartúni 7 - 105 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is - www.rikisendurskodun.is